

**REGLUGERÐ**

um breyting á reglugerð um innheimtu umferðargjalds af bifreiðum  
og öðrum ökutækjum, sem aka um Reykjanesbraut,  
nr. 80 23. marz 1966.

**1. gr.**

4. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

III. flokkur: Vörubifreiðar með burðarmagni yfir 1.5 tonn að og með 5 tonn,  
fólksbifreiðar fyrir 9 til 20 farþega, kr. 100.00.

**2. gr.**

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 95. gr. vegalaga, nr. 71 30. desember 1963, og  
birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 21. október 1969.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

27. október 1969.

Nr. 268.

**REGLUGERÐ**

um breytingu á reglugerð fyrir Rafveitu Hafnarfjarðar  
nr. 177 frá 16. sept. 1939.

**1. gr.**

3. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Yfirstjórn rafmagnsmála bæjarins er í höndum bæjarstjórnar, en framkvæmda-  
stjórnin skal falin rafveitunefnd ásamt rafveitustjóra, sem bæjarstjórnin skipar að  
fengnum tillögum rafveitunefndar, og skal hann vera rafmagnsverkfræðingur eða  
rafmagnstæknifræðingur.

Bæjarstjórnin setur honum erindisbréf. Rafveitustjóri er framkvæmdastjóri  
rafveitunnar.

Bæjarstjórn ræður alla fasta starfsmenn rafveitunnar að fengnum tillögum raf-  
veitunefndar og setur þeim erindisbréf.

Í rafveitunefnd eiga sæti 3 menn, kosnir af bæjarstjórn.

Bæjarstjóri og rafveitustjóri eiga sæti á fundum rafveitunnar og hafa þar mál-  
frelsi og tillögurétt.

**2. gr.**

3. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Rafveitunefnd ræður starfsmenn veitunnar svo sem þörf er á, aðra en hina  
föstu starfsmenn, að fengnum tillögum rafveitustjóra, sbr. þó 5. gr. 2. mgr. reglu-  
gerðarinnar.